

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 9/2019

Kæra Húsasmiðjunnar ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 42/2019 frá 2. október 2019.

1. Þann 16. mars 2020 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 9/2019: Kæra Húsasmiðjunnar ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 42/2019 frá 2. október 2019. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 24. október 2019, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að kærandi hafi með birtingu auglýsingar um Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins, brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 4. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 var kæranda bannað að viðhafa umrædda viðskiptahætti. Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 var kæranda gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 krónur vegna brotsins. Var kæranda gert að greiða sektina innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 20. júní 2019, var kæranda tilkynnt að Neytendastofa hefði orðið vör við auglýsingu í nafni kæranda um svokallaðan Tax Free afslátt sem birtist í Fréttablaðinu þann 18. júní 2019. Í bréfinu kom fram að í auglýsingunni hefði prósentuhlutfall afsláttarins ekki verið getið. Var kæranda kynnt að 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 4. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, gæti komið til álita í málinu.
5. Svar kæranda barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 26. júní 2019. Þar kom fram að um mistök hefði verið að ræða í nokkrum auglýsingum þar sem ekki hefði verið getið um prósentuhlutfall afsláttarins. Hefði afslátturinn komið fram í nær öllum auglýsingum kæranda en fyrir mistök hefðu auglýsingar verið birtar þar sem þess hefði ekki verið gætt.
6. Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. júlí 2019, var kæranda tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

7. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar eru rakin helstu ákvæði sem á reynir. Þá er áréttað að með 4. gr. reglna nr. 366/2008 sé lögð skýr skylda á seljendur að tilgreina prósentuhlutfall afsláttar auk fyrra verðs þegar veittur sé prósentuafsláttur af verði vöru. Tilgreining þess að afsláttur samsvari afnámi virðisaukaskatts, þ.e. „Tax free“, sé að mati Neytendastofu ekki til þess fallin að uppfylla skilyrði ákvæðisins. Þvert á móti telji stofnunin Tax Free tilvísun án tilgreiningu prósentuafsláttar villandi gagnvart neytendum, enda beri ekki allar vörur og þjónusta sömu prósentu virðisaukaskatts. Þar að auki geti breytingar orðið á prósentuhlutföllum auk þess sem Neytendastofa telji ekki unnt að gera kröfu um að neytendur veiti sérstaka athygli hver prósentu virðisaukaskatts sé á hverjum tíma fyrir hvert skattþrep. Með vísan til þessa telji Neytendastofa nauðsynlegt að þess sé getið á sölustað, vefverslun sem og í öllum auglýsingum fyrir Tax Free hver hinn raunverulegi prósentuafsláttur sé.
8. Að mati Neytendastofu sé framsetning auglýsinganna ósanngjörn gagnvart neytendum, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, þar sem ekki komi fram með nægilega skýrum hætti hver prósentuafslátturinn sé, þó þess sé vissulega getið að virðisaukaskattur sé afnuminn. Af sömu ástæðu telji stofnunin auglýsingarnar fela í sér villandi upplýsingar um verð og þann afslátt sem veittur sé, sbr. 2. mgr. 9. gr. laganna, og þar með einnig 5. og 8. gr. sömu laga, enda séu þær til þess fallnar að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda.
9. Með vísan til framangreinds hafi kærandi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 ásamt 4. gr. reglna nr. 366/2008 með því að tiltaka ekki prósentuhlutfall afsláttar varðandi Tax Free tilboð. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 geti Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hafi komið, til þess að tryggja varnaðaráhrif og að teknu tillit til þess að Neytendastofa hafi áður tekið á sömu háttsemi gagnvart kæranda telji Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga. Að teknu tilliti til umfang brotsins, skýringa fyrirtækisins og samstarfsvilja þess, fyrri ákvarðana stofnunarinnar gagnvart kæranda, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga sé rétt að leggja á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 krónur. Sektina skuli greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

10. Í kæru, dags. 24. október 2019, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Í kærinni kemur fram að málið varði auglýsingar sem kærandi birti í tengslum við útgáfu auglýsingabæklings sem kærandi hafi dreift um miðjan júní 2019. Kærandi áréttar að fyrir mistök hafi aðeins í einni auglýsingu gleymst að tiltaka sérstaklega hvert væri prósentuhlutfall þess afsláttar sem kærandi veitti.

11. Í kærinni eru rakin samskipti kæranda við Neytendastofu. Kemur þar fram að kærandi hafi ekki fengið í hendur bréf stofnunarinnar, dags. 15. júlí 2019, þar sem honum var gert kunnugt að gagnaöflun væri lokið og málið hefði verið tekið til meðferðar. Hafi það því komið kæranda á óvart þegar hin kærða ákvörðun var tekin. Stofnunin hafi lýst því einhliða yfir að gagnaöflun væri lokið án þess að upplýsa kæranda um það og kanna hvort hann vildi koma að frekari gögnum í málinu. Hefði kæranda verið gefinn kostur á að gera slíkt hefði hann gert það. Kærandi telji að þau samskipti sem fram hafi farið af hálfu lögmanns kæranda og starfsmanns Neytendastofu hafi verið óformleg og ekki þess eðlis að kærandi hafi getað litið svo á að um gagnaframlagningu væri að ræða í máli sem taka ætti til efnismeðferðar af stjórnvaldi. Hefði verið upplýst og tilkynnt af hálfu Neytendastofu í hvaða farveg málið væri þá væri ljóst að kærandi hefði svarað Neytendastofu með vönduðum hætti og lagt fram gögn máli sínu til stuðnings. Að mati kæranda sé þessi meðferð Neytendastofuekki í samræmi við venjur og lög hvað varði málsmeðferð af því tagi sem málið taki til. Kærandi telji ekki ástæðu til að vísa til tiltekinna lagaákvæða en vísi með almennum hætti til stjórnsýslulaga auk jafnræðis-, meðalshófs- og rannsóknarreglu sömu laga. Að því er varði brot á rannsóknarreglu bendi kærandi á að miklar kröfur séu gerðar til stjórnvalda þar að lútandi og vísi máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar Íslands frá 26. júní 2018 í máli nr. 637/2017.
12. Engin þeirra ákvæða laga nr. 57/2005 sem vísað sé til í hinni kærðu ákvörðun eigi við í málinu. Einungis sé um að ræða eina auglýsingu af mörgum sem kærandi hafi birt undanfarin ár en í öðrum tilvikum hafi þess verið gætt að umrætt prósentuhlutfall kæmi fram. Almennt þekki neytendur hvað felist í svokölluðum Tax Free tilboðum, enda auglýsi mörg fyrirtæki reglulega slík tilboð.
13. Auk þessa bendir kærandi á að sama dag og hin kærða ákvörðun hafi verið tekin hafi Neytendastofa tekið tvær ákvarðanir nr. 40/2019 og 41/2019 en þar hafi aðilum ekki verið gerð sekt. Kærandi geri sér ekki grein fyrir því hvers vegna annað eigi við um hans mál. Kærandi tekur fram í þessu samhengi að málið hafi skaðað hagsmuni hans verulega, enda hafi verið greint frá hinni kærðu ákvörðun í fjölmiðlum.
14. Með bréfi, dags. 1. nóvember 2019, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 19. nóvember 2019. Þar er þess krafist að hins kærða ákvörðun verði staðfest og því hafnað að meðferð málsins hafi brotið í bága við lög. Í greinargerðinni kemur fram að kæranda hafi verið gefið tækifæri til að koma að skýringum og athugasemdum. Ekkert í svörum kæranda hafi gefið tilefni til að ætla að hann teldi þörf á að koma að öðrum eða frekari efnislegum athugasemdum. Neytendastofa árétti að með auglýsingu kæranda hafi ekki verið uppfylltar kröfur laga þar sem á það hafi skort að afsláttarprósenta væri tilgreind. Þær kröfur eigi við án tillits til þess hvort brot sé alvarlegt eða að ásetningslausu. Að því er varði tilvísun kæranda til þess að öðrum fyrirtækjum hafi ekki verið gerð sekt vegna sambærilegra auglýsinga bendi stofnunin á að í þeim tilvikum hafi verið um að ræða fyrstu brot þeirra fyrirtækja sem í hlut áttu.

15. Með bréfi, dags. 27. nóvember 2019, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 6. desember 2019. Kærandi áréttar þar að fyrirtækinu hafi aldrei borist bréf Neytendastofu, dags. 15. júlí 2019. Gera verði þá kröfu til Neytendastofu að samskipti séu með þeim hætti að þau séu rekjanleg og staðfest að gögn berist gagnaðila. Vísar kærandi til þess að dómstólar hafi þá venju að óska eftir staðfestingu á móttöku þeirra erinda sem send séu til málsaðila. Hefði umrætt bréf, dags. 15. júlí 2019, borist kæranda hefði hann gætt hagsmuna sinna gagnvart Neytendastofu með vandaðri hætti. Fram að því að Neytendastofa lauk gagnaöflun í málinu hefði kærandi aðeins sent stofnuninni óformlegt tölvubréf þar sem afstaða fyrirtækisins kom fram. Þær upplýsingar hefðu ekki verið nákvæmar og rangar að hluta til, enda hefði málið verið unnið með hraði.
16. Áréttar kærandi síðan fyrri sjónarmið og að ekki hafi verið um ásetning að ræða þegar farist hafi fyrir að birta afsláttarprósentu í einni auglýsingu fyrirtækisins. Það geti ekki verið hlutverk Neytendastofu að innheimta sektir vegna mistaka. Slíkar sektir séu ígildi skattheimtu sem þurfi að grundvallast á lagastoð. Það hefti viðskiptaumhverfi og viðskiptafrelsi verulega ef fyrirtæki og auglýsendur á markaði megi búast við því að stjórnvald eins og Neytendastofa liggi yfir öllum auglýsingum og reyni að finna ástæðu til að leggja á sektir þótt að um augljós mistök sé að ræða. Hefði Neytendastofa skoðað aðrar auglýsingar kæranda sem birtust á sama tímabili hefði auðveldlega mátt sjá að getið var um afsláttarprósentu í öðrum tilvikum. Kærandi viðurkenni að sambærileg tilvik hafi komið upp áður hjá kæranda en bendir á að tilvikið hafi verið útskýrt auk þess sem kærandi harmi að auglýsingin hafi verið birt. Ekki sé vitað til þess að neytendur hafi orðið fyrir tjóni eða skaða af birtingu auglýsingarinnar. Í slíkum tilvikum hefðu neytendur getað fengið viðbótarafslátt hjá kæranda. Þá megi spyrja hvort kærandi eigi bótaþrófu á hendur þeirri auglýsingastofu sem hafi framkvæmt þau mistök sem málið varði.

NIÐURSTAÐA

17. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að kærandi hafi með birtingu auglýsingar um Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins, brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 4. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Var kæranda bannað að viðhafa umrædda viðskiptahætti og gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 krónur vegna brotsins.
18. Af hálfu kæranda er á því byggt að málsmeðferð Neytendastofu hafi ekki verið í samræmi við lög og því beri að ógilda hina kærðu ákvörðun. Vísar kærandi einkum og sér í lagi til þess að honum hafi ekki borist bréf stofnunarinnar til sín, dags. 15. júlí 2019, og því hafi hin kærða ákvörðun komið honum á óvart. Telur kærandi að hann hefði hagað hagsmunagæslu sinni gagnvart Neytendastofu með öðrum hætti og komið frekari gögnum að í málinu. Verður að skilja málalíbúnað kæranda sem svo að rannsókn Neytendastofu hafi að þessu leytnu til verið ófullnægjandi, enda hafi honum ekki gefist nægjanlegt færi á að koma á framfæri andmælum í málinu.

19. Eins og fram er komið hófst mál þetta af hálfu Neytendastofu með bréfi stofnunarinnar til kæranda, dags. 20. júní 2019. Var þar tekið fram að stofnunin hefði orðið þess vör að kærandi auglýsti svokölluð „Tax Free tilboð“ án þess að prósentuhlutfall afsláttarins væri tilgreint og að þetta kynni að brjóta í bága við nánar tilgreind lagaákvæði sem hin kærða ákvörðun var síðar reist á. Í niðurlagi umrædds bréfs sagði eftirfarandi: „Neytendastofa óskar eftir skýringum eða athugasemdum [kæranda] við erindið og þurfa þær að berast stofnuninni innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs“. Af bréfinu verður ráðið að skjámynd af auglýsingu þeirri er málið varðar mun hafa verið send kæranda ásamt bréfinu sjálfu. Lögmaður kæranda brást við bréfinu með tölvubréfi, dags. 25. júní 2019, þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort tilefni fyrrnefnds bréfs Neytendastofu hefði verið að raunverulegt afsláttarverð hefði ekki verið tilgreint í auglýsingunni. Þá var jafnframt tekið fram að kærandi hygðist fara eftir „óskum Neytendastofu“ og bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar væru. Degi síðar var af hálfu Neytendastofu staðfest með tölvubréfi hvert tilefni málsins væri. Lögmaður kæranda brást við sama dag með því að senda Neytendastofu tölvubréf sem skilja verður sem svo að birting umræddrar auglýsingar hafi verið mistök og að aðrar auglýsingar sem birtar hafi verið um sama tilboð hafi ekki verið eins úr garði gerðar. Benti kærandi Neytendastofu á að unnt væri að fá staðfestingu þar að lútandi frá markaðsstjóra kæranda sem fékk afrit af umræddum samskiptum send í viðhengi. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að önnur samskipti hafi farið fram milli kæranda og Neytendastofu í kjölfar þessa. Með bréfi, dags. 15. júlí 2019, tilkynnti Neytendastofa síðan kæranda að litið væri svo á að kærandi hefði komið á framfæri athugasemdum með tölvubréfum sínum, dags. 26. júní 2019, og að litið væri svo á að gagnaöflun væri lokið. Kærandi fullyrðir að umrætt bréf, dags. 15. júlí 2019, hafi ekki borist sér.
20. Af öllu framangreindu er ljóst að kæranda var þegar með bréfi stofnunarinnar, dags. 20. júní 2019, gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum til Neytendastofu vegna málsins. Þótt þess hafi ekki verið getið sérstaklega í bréfi Neytendastofu mátti kæranda vera kunnugt að afleiðingar þess að stofnunin teldi fyrirtækið hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 kynnu að verða að stofnunin tæki íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart kæranda. Kærandi nýtti andmælarétt sinn og verður ekki séð að það hafi skert möguleika hans þar að lútandi á nokkurn hátt þótt honum hafi einhverra hluta vegna ekki borist bréf Neytendastofu, dags. 15. júlí 2019, þar sem tilkynnt var um að málið hefði verið tekið til ákvörðunar. Mun bréfið hafa verið sent eftir að þeim fresti sem kæranda var veittur til að koma á framfæri andmælum var liðinn. Allt að einu hefur kærandi átt þess kost að koma á framfæri frekari gögnum og sjónarmiðum í málinu fyrir áfrýjunarnefndinni. Með vísan til alls þessa er ekki ástæða til að hin kærða ákvörðun verði ógilt á þeim grundvelli að kæranda hafi ekki borist bréf Neytendastofu, dags. 15. júlí 2019.
21. Kærandi telur að ógilda beri hina kærðu ákvörðun þar sem auglýsing fyrirtækisins hafi ekki verið villandi fyrir neytendur þar sem almenn vitneskja sé um hvað felist í því að vara sé seld með „Tax Free“ afslætti. Auk þess hafi auglýsingin verið birt fyrir mistök.

22. Eins og fram er komið er í 5. gr. laga nr. 57/2005 mælt fyrir um almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Slíkir viðskiptahættir eru nánar skilgreindir í III.-V. kafla laganna. Þar segir í 2. mgr. 6. gr. að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 9. gr. teljast viðskiptahættir villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Samkvæmt d. lið ákvæðisins er í skilningi þess átt við rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Í 4. reglna nr. 366/2008 um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði er mælt fyrir um að þegar veittur er prósentuafsláttur skuli hann reiknast af fyrra verði. Taka skal fram hvert prósentuhlutfall lækkunarinnar er og skal tilgreina skýrt fyrra verð. Verður ekki annað ráðið en að umræddar reglur séu settar með stoð í 21. gr. b. laga nr. 57/2005 þar sem mælt er fyrir um að Neytendastofa geti sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum, svo og almennar reglur um beitingu ákvæði II.-I. kafla.
23. Í þeirri auglýsingu kæranda sem málið varðar kemur annars vegar fram fullyrðingin „Allt pallaefni á TAX FREE“ og hins vegar „TAX FREE PALLAEFNI“. Mátti hinn almenni neytandi draga þá ályktun að kærandi byði til sölu pallaefni sem annað hvort væri ekki háð álagningu einhvers konar skatta eða að kærandi veitti afslátt sem næmi slíkri álagningu. Af hálfu kæranda er komið fram að neytendur hér á landi geri almennt ráð fyrir að með slíkum auglýsingum sé átt við að söluaðili veiti afslátt sem svari til álagningu virðisaukaskatts. Verður ekki annað ráðið en að kærandi hafi í raun boðið pallaefni til sölu á tilboði í samræmi við þetta. Því verður að ganga út frá að tilboð kæranda sem auglýst var hafi falið í sér að veittur var afsláttur af venjulegu söluverði pallaefnis. Þrátt fyrir þetta auglýsti kærandi ekki hvert var prósentuhlutfall lækkunarinnar miðað við fyrra verð vörunnar. Braut kærandi því gegn þeim áskilnaði sem fram kemur í 4. gr. reglna nr. 366/2008, sbr. þau ákvæði laga nr. 57/2005 sem hér hafa verið rakin að framan.
24. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að þótt svo kunni að vera að margir neytendur hafi gert sér grein fyrir að kærandi hygðist veita afslátt sem svaraði til virðisaukaskatt á vöruna, þá var óljóst hvert væri hlutfall þess afsláttar. Jafnvel í tilvikum neytenda sem voru upplýstir um skatthlutfall virðisaukaskatts á pallaefni var sú hætta fyrir hendi að slíkir neytendur teldu ranglega að hlutfallslegur afsláttur af venjulegu söluverði væri sá sami og skatthlutfall virðisaukaskatts. Í ljósi þessa verður að telja að auglýsing kæranda hafi verið villandi og falið í sér brot gegn 4. gr. reglna nr. 366/2008, sbr. 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Skiptir í því samhengi ekki máli þótt það hafi verið mistök að birta auglýsinguna eins og gert var.

25. Svo sem fram er komið af hálfu Neytendastofu og kærandi hefur fallist á var brot fyrirtækisins ekki það fyrsta að því er varðaði auglýsingar af því tagi sem hin kærða ákvörðun laut að. Með vísan til þess var það ekki brot gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að gera fyrirtækinu þá sekt sem Neytendastofa ákvarðaði. Að sama skapi var það ekki brot gegn jafnræðisreglu 11. gr. sömu laga þótt öðrum fyrirtækjum sem brutu gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með sambærilegum hætti hafi ekki verið gerð sekt, enda ekki um það deilt að í þeim tilvikum sem kærandi vísar til hafi verið um að ræða fyrstu brot umræddra fyrirtækja.
26. Með vísan til alls framangreinds verður hin kærða ákvörðun staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson